

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 26. febrúar kl. 13:00 var haldinn 349. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum, og að hluta til Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi fjármálastjóri, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu, Ásgeir Westergren, sérfræðingur í fjármögnun, Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, Hrefna Hallgrímsdóttir, forstöðumaður hitaveitu, Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri, Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona nýsköpunar og framtíðarsýnar, Lilja Tryggvadóttir, sérfræðingur í rannsóknarverkefnum og Hildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur í skipulagsmálum.

Fundarritari var Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri gerði grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda og lagði fram yfirlit þar um, dags. 22. febrúar 2024.
2. Fundargerðir stjórnarfunda nr. 347 og 348 voru lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, ásamt Davíð Erni Einarssyni, endurskoðanda frá Grant Thornton endurskoðun ehf. og kynntu drög að ársreikningum Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur (móðurfélags) og Orkuveitu Reykjavíkur Eigna ohf., vegna ársins 2023. Umræður.

Reikningarnir verða lagðir fram á til afgreiðslu á aukafundum stjórna sem fram fara 7. mars nk. kl. 8:30.

Stjórn samþykkir eftirfarandi:

Í ljósi dráttar á hlutafjáraukningu frá upphaflegum áformum og þar með fjármögnun Ljósleiðarans ehf., lýsir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur því yfir að fyrirtækið mun auka hlutafé sitt í Ljósleiðaranum á markaðsvirði til að tryggja áframhaldandi rekstur og verja hagsmuni Orkuveitu Reykjavíkur, komi til þess að hlutafjáraukningin sem samþykkt hefur verið gangi ekki eftir eða dregst frekar á langinn.

Ragnhildur Alda sat hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Klukkan 13:40 komu á fundinn Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og Ásgeir Westergren, sérfræðingur í fjármögnun.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. febrúar 2024 um fjármögnunarheimild fyrir árið 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir

allt að 30 ma.kr. á árinu 2024. Fjármögnunarheimildin er 4,4 ma.kr. umfram lánsfjármögnun í samþykktri fjárhagsáætlun Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 24. febrúar 2024 um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfelldri niðurstöðu óvissuþátta til samræmis við greinargerð.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Vegna tillögunnar óskaði Þórður Gunnarsson að eftirfarandi yrði bókað en bókunin var studd af Ragnhildi Öldu:

Fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) liggur tillaga um að greiða allt að því sem samsvarar nánast öllum hagnaði rekstrarársins 2023 út í arð til eigenda. Þrátt fyrir að slík arðgreiðsla kunní að gagnast eigendum OR og standast arðgreiðsluskilyrði, er vert að staldra við slíka ákvörðun á tímum orkuskorts og mikils álags á orkuinnviði landsins.

Sá orkuskortur sem Ísland glímir nú við er afleiðing of lítillar fjárfestingar í orku- og varmaframleiðslu til margra ára. Hyggilegast væri að samstæða OR nýtti rekstarafgang ársins 2023 til að viðhalda, styrkja og efla þá mikilvægu orku – og veituinnviði sem hafa byggðir hafa verið upp af myndarbrag undanfarna áratugi. Þessir sömu innviðir, sem Íslendingar hreykja sér af um allan heim, hafa hingað verið taldir standa styrkum fótum. En undirfjárfesting liðinna ára hefur þegar grafið undan þeirri stöðu, eins og nýleg dæmi sanna,

Stjórn OR ber að gæta hagsmuna eigenda, en engu síður fyrirtækisins sjálfs. Á tímum aðkallandi aukningar í orku- og varmaframleiðslu á Íslandi þarf samstæða OR á öllu því fjármagni að halda sem henni stendur til boða, svo svara megi þörfum vaxandi samfélags. Í því ljósi er umhugsunarvert að samþykkja tillögu til aðalfundar OR um að greiða allt að því allan hagnað ársins 2023 út til eigenda. Hvorki afkoma OR 2023 né kjör á fjármagnsmörkuðum, staða orkumála almennt auk stórauðinnar óvissu um rekstraröryggi orkuinnviða á suðvesturhorni landsins vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga, renna stöðum undir ákvörðun um slíka ráðstöfun. Þvert á móti.

Eðlilegt er að eigendur OR vilji njóta ávöxtunar af því fjármagni sem bundið er í rekstur fyrirtækisins. Þeir hagsmunir hljóta hins vegar að víkja fyrir þeim veigamiklu staðreyndum sem hér hafa verið raktar. Leggur undirritaður því til að stjórn geri þá tillögu við aðalfund OR að falla frá arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2023.

Þórður Gunnarsson lagði fram svohljóðandi tillögu með vísan í framangreinda bókun.

Lagt er til við stjórn Orkuveitunnar að hún samþykki að ekki verði gerð tillaga við aðalfund Orkuveitunnar um arðgreiðslur vegna rekstrarársins 2023.

Formaður lagði til að tillaga Þórðar yrði tekin til afgreiðslu áður en upphafleg tillaga sem fyrir fundinum lá yrði tekin til afgreiðslu. Var það samþykkt.

Var þá gengið til atkvæðagreiðslu og var tillögu Þórðar hafnað með fjórum atkvæðum Gylfa, Skúla, Valgarðs og Völu. Tillögunni greiddu hins vegar atkvæði sitt þau Þórður og Ragnhildur Alda.

Var upphafleg tillaga, dags. 24. febrúar 2024 um arðgreiðslu þá tekin til afgreiðslu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfelldri niðurstöðu óvissubátta til samræmis við greinargerð.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Samþykkt með fjórum atkvæðum Gylfa, Skúla, Valgarðs og Völu. Þórður og Ragnhildur Alda greiddu atkvæði gegn samþykkt tillögunnar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 26. febrúar 2024 um samþykkt á framlengingu á lánasamning við Landsbankann. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitir Sævari Frey Þráinssyni og Brynju K. Pétursdóttur fullt og ótakmarkað umboð til þess að framlengja og draga á lán samkvæmt viðskiptasamningi um lánalínu á gildistíma hans samanber grein 4 (Lánsbeiðnir), í samningnum að fjárhæð ISK 4.000.000.000 milli Landsbankans hf. og Orkuveitu Reykjavíkur, dags 24.06.2011.

Samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 30 ma.kr. á árinu 2024. Fjármögnunarheimildin er 4,4 ma.kr. umfram lánsfjármögnun í samþykkttri fjárhagsáætlun

Framangreindar heimild nær einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. febrúar 2024 um skammtímalánasamning við Carbfíx hf. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) lýsir yfir vilja til að styðja við framgang og þróun Carbfíx hf. og heimilar OR að framlengja skammtímalánasamning við Carbfíx hf. til 31.12.2024. Ásamt því að hækka brúarlánið um 4.200 m.kr.

Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.

Samþykkt.

Klukkan 14:20 vék Davíð Arnar af fundinum.

Gerð var grein fyrir borverkefni sem Orkuveitusamstæðan mun mögulega ráðast í.

Lagt fram minnisblað, dags. 1. febrúar 2024 sem er svar við fyrirspurn frá fundi stjórnar 22. janúar 2024 um þau félög sem Orkuveitan á eignarhlut í. Umræður.

Lögð fram til kynningar áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8. febrúar 2024. Umræður.

Klukkan 14:25 yfirlit Brynja Kolbrún, Bryndís María, Gísli Björn og Ásgeir fundinn.

4. Klukkan 14:28 mættu Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, til fundarins og lögðu þau fram og gerðu grein fyrir ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2023. Umræður.

Ársskýrslan samþykkt samhljóða og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnarfólks.

Klukkan 14:48 yfirlit Eiríkur og Hólmfríður fundinn.

5. Lögð fram bókun af fundi borgarráðs, dags. 8. febrúar 2024 varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðunar varðandi úttekt á Orkuveitu Reykjavíkur og gerði Ragnhildur Alda nánari grein fyrir henni. Umræða.

Fyrir lá einnig svohljóðandi afstaða stjórnar Ljósleiðarans í ljósi tillögu Ragnhildar Öldu sem lögð var fram á stjórnarfundi nr. 348 um afléttingu trúnaðar á skýrslunni. Afgreiðslu tillögunnar hafði verið frestað á meðan afstöðu stjórnar Ljósleiðarans yrði aflað:

Í tengslum við undirbúning hlutafjáraukningar Ljósleiðarans óskaði stjórn Ljósleiðarans eftir athugun innri endurskoðunar á meðferð viðkvæmra trúnaðarupplýsinga sem Ljósleiðarinn hafði afhent stjórn Orkuveitunnar og síðar rötuðu í fjölmiðla. Skýrsla innri endurskoðanda, með athugasemdum og tillögum, var lögð fyrir stjórnina í desember 2023. Þá þegar hafði verið bætt úr hluta þeirra athugasemda sem komu fram í skýrslunni og vinna við aðrar úrbætur er yfirstandandi.

Stjórn Ljósleiðarans gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki með starfsemi fyrirtækisins. Hún lítur svo á að úttektir á borð við þá sem hún fór fram á og aðrar samsvarandi skýrslur séu mikilvægt tæki til að styðja við það hlutverk sitt. Úttektir eru úrbótatæki til að treysta innviði fyrirtækisins og auka verðmæti þess í þágu eigandans, Orkuveitunnar og sveitarfélaganna sem eiga hana. Það er mikilvægt að trúnaðar sé gætt um slík gögn til að niðurstöður nýtist sem skyldi og að þær verði áfram nýttar til úrbóta í starfsemi félagsins.

Þess utan bendir stjórn Ljósleiðarans á að félagið starfar á samkeppnismarkaði og að efni slíkra úttekta varða gjarnan viðkvæma viðskiptahagsmuni sem brýnt er að trúnaður ríki um gagnvart samkeppnisaðilum Ljósleiðarans.

Stjórn Ljósleiðarans leggur áherslu á að viðhaldið verði trúnaði um þau vinnugögn sem kallað var eftir frá innri endurskoðanda fyrirtækisins, sem starfar í umboði stjórnarinnar. Stjórnin telur það því ekki í þágu hagsmuna fyrirtækisins að trúnaður um innihald skýrslunnar verði rofinn.

Umræður.

Ragnhildur Alda óskar bókað:

Líkt og nafn skýrslunnar gefur til kynna varðar hún alvarlega ágalla í stjórnarháttum Orkuveitunnar, óeðlileg afskipti og miðlun upplýsinga. Eðli málsins samkvæmt

gengur það þvert á hagsmuni eigenda, Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja hennar að draga dul yfir innihald skýrslunnar enda hvorki hægt að læra af né bæta úr því sem enginn má vita af, hvað þá fyrirbyggja að sagan endurtaki sig. Undirrituð minnir á að heiðarleiki var valið sem kjarnagildi Orkuveitunnar af ástæðu, hulin sár eru hættust. Afleiðingar tregðu stjórnenda til að upplýsa eigendur um óþægileg atriði voru einmitt tildrög úttektarinnar. Skýrsla Innri endurskoðanda sem slík fjallar ekki um nein rekstrarleg málefni samtæðunnar eða dótturfélaga og því eru engar forsendur fyrir því að halda leynd yfir skýrslunni gagnvart eigendum. Að auki sem flestir umsagnaradilar eiga í hlut og eru því bersýnilega vanhæfir til að taka afstöðu til þess hvort aflétta eigi trúnaði um aðfinnslurnar. Það er hagsmunamál eigenda að upplýsa um þessar aðfinnslur um brot á eigendastefnu, enda er það trúnaðarbrætur af hálfu hlutaðeigandi. Það er fáránlegt að halda trúnaði um slíkan trúnaðarbrætur gagnvart eigendum. Sannleikurinn þarf að þola dagsljósið.

Afgreiðslu á tillögu Ragnhildar Öldu frá stjórnarfundum nr. 348 er frestað og samþykkt að óska eftir afstöðu stjórnar Ljósleiðarans til þess hvort aflétta megi trúnaði af hluta skýrslunnar án þess að skaða viðkvæma viðskiptahagsmuni félagsins.

Ragnhildur Alda sat hjá við afgreiðslu framangreindrar samþykktar og bókaði eftirfarandi:

Undirrituð óskar bókað við afgreiðslu samstjórnarmanna að samkvæmt skilningi hennar umræðum er verið kallað eftir rökstuðning fyrir að stjórn Ljósleiðarans óski trúnaðar á grundvelli þess að um einhverjar beinar fjárhagslegar rekstrarupplýsingar er að ræða en ekki bara óþægilega stjórnarhætti og óviðeigandi afskipti hlutaðeigandi af mikilvægum málum í starfsemi Orkuveitunnar og dótturfyrirtækjanna.

6. Stjórn samþykkir að veita forstjóra Orkuveitunnar umboð til að fara inn á hluthafafundi í Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Ljósleiðaranum ehf. og Carbflix hf. til að staðfesta tillögu stjórna um að óskað verði eftir framlengingu á undanþágu frá upplýsingalögum.
 7. Klukkan 15:27 mættu Hrefna Hallgrímsdóttir, forstöðumaður hitaveitu og Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri til fundarins og greindu frá viðbrögðum Orkuveitunnar við eldsumbrotum á Reykjanesi þegar heitavatnslögn HS Veitna fór undir hraun. Umræður.
- Klukkan 15:55 yfirlög Hrefna og Reynir fundinn.*
8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 22. febrúar 2024 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. febrúar 2024. Umræður.
 9. Klukkan 16:00 kom Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, til fundarins og gerði grein fyrir minnisblaði sínu dags. 21. febrúar 2024 um sameiningu stuðningstefna til aðgreiningar frá heildarstefnu, sem lá fyrir fundinum. Umræður.
 10. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 13.12.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 24.01.2024 og 21.02.2024

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 19.01.2024

Minnisblöð framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 17.01 og 21.02.2024

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 18.01.2024

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 16.02.2024

Fundargerðir stjórnafunda Carbflix hf. dags. 2.11, 16.11, 21.12.2023 og 18.01.2024

Minnisblöð framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 18.12.2023 og 19.02.2024

11. Klukkan 16:25 komu á fundinn Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona nýsköpunar og framtíðarsýnar, Lilja Tryggvadóttir, sérfræðingur í rannsóknarverkefnum, og Hildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur í skipulagsmálum. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. febrúar 2024 um að hefja umhverfismatsferli fyrir vindorkugarða en henni fylgir greinargerð sem Vala gerði nánari grein fyrir.

Með fyrirvara um samþykki eigenda samþykkir stjórn Orkuveitunnar að hefja umhverfismatsferli fyrir Vindorkugarða við Lyklafell, Dyraveg og Lambafell sem einn hluta af undirbúningi fyrir ákvarðanatöku um virkjun.

Samþykkt.

Klukkan 16:40 yfirgáfu Vala, Lilja og Hildur fundinn.

12. Staðfest var ákvörðun um borun vinnsluhola á Hengilsvæðinu sem tekin var milli stjórnarfundar.
13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 26. febrúar 2024. *Umræður.*

Þá gerði forstjóri grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á skipuriti Orkuveitunnar sem styðja við nýja stefnu hennar. Nýtt skipurit verður kynnt starfsfólki í komandi viku.

Klukkan 17:07, á meðan Sævar gerði grein fyrir skýrslu sinni, vék Guðveig af fundinum.

14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:30

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. mars 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, þriðjudaginn 16. janúar kl. 13:00 var haldinn 347. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson. Guðveig Lind Eyglóardóttir og Unnur Línadal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks voru fjarverandi.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri lagði fram að nýju stefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem samþykkt var á fundi stjórnar, þann 15. desember 2023.
Hann greindi frá óformlegum fundum með handhöfum eigendavalds, þann 5. janúar og 12. janúar s.l., þar sem fram komu óskir um að tengja stefnuna betur við eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur.

Forstjóri lagði fram minnisblað, dags. 10. 01. 2024 með tillögu um breytingu á stefnunni.

Umræður.

Tillagan borin upp og stefnan samþykkt samhljóða.

2. Forstjóri gerði grein fyrir stöðunni á hlutafjárukningu Carbfix hf. Umræður.
3. Engin önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:00.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. janúar 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Unnur Línadal.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 22. janúar kl. 13:00 var haldinn 348. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Skúli og Valgarður tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri gerði grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda og yfirliti þar um, dags. 22. janúar 2024.
2. Fundargerð SF 346 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Gísli Björn Björnsson til fundarins og kynntu stöðu fjármögnunar. Umræður.

Lögð fram til kynningar áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. janúar 2024 og rekstraráhættuskýrsla samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. janúar 2024. Umræður.

4. Brynja Kolbrún lagði fram bréf, dags. 28. nóvember 2023, frá Galantaborg í Slóvakíu varðandi tilboð í eignarhluta Orkuveitu Reykjavíkur í hitaveitunni Galantaterm.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 22. janúar 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn staðfestir samþykkt á tilboði Galantaborgar í 4,5% eignarhlut OR í Galantaterm á grundvelli tilboðs, dags. 28.11.2023.

Umræður. Stjórn óskar eftir upplýsingum um félög sem OR á hlut í. Tillagan samþykkt samhljóða.

Klukkan 13:20 yfiráfðu Brynja Kolbrún og Gísli Björn fundinn.

5. Klukkan 13:20 mætti Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, til fundarins ásamt Þórði Ólafi Þórðarsyni og Helgu Láru Hauksdóttur frá Arion banka og kynntu stöðu á undirbúningi hlutafjárukningar Ljósleiðarans.
6. Klukkan 13:35 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar, til fundarins og greindi frá niðurstöðum vinnustaðagreiningar, sem framkvæmd var meðal starfsmanna samstæðu OR í desember s.l. Umræður.

Klukkan 14:20 yfiráf Ellen Ýr fundinn.

7. Klukkan 14:20 mætti til fundarins frá rannsóknum og nýsköpun, Sigrún Tómasdóttir, greindi frá áhættu vegna aukinnar virkni á Reykjanesskaga. Umræður.

8. Klukkan 14:40 mætti Sverrir Guðmundsson, sérfræðingur vatnsveitu, og greindi ásamt Sigrúnu Tómasdóttur frá stefnuverkefni vatnsveitu á Snæfellsnesi. Umræður.

Klukkan 15:02 yfiráfu Sigrún og Sverrir fundinn.

9. Klukkan 15:10 mætt Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, til fundarins og greindi frá aðlögun samstæðunnar OR að loftlagsbreytingum, 3. áfanga, en upplýsingarnar eru kynntar stjórn einu sinni á ári. Umræður.

Klukkan 15:30 yfiráf Hólmfríður fundinn.

10. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 18. janúar 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 18. janúar 2023.

11. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 13.12.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 17.01.2024

Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 24.11. og 18.12.2023

Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ohf. dags. 18.01.2024

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 14.12.2023

12. Klukkan 16:00 mætti Anton Jónas Illugason frá Brú Studio til fundarins og kynnti vinnu við endurmörkun og uppfærða ásýnd Orkuveitu Reykjavíkur.

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 22. janúar 2023. Umræður.

14. Önnur mál.

- Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 22. janúar 2024, um kaup á lóðinni Reykjahvoli 17, Mosfellsbæ. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir kaup á lóðinni Reykjahvoll 17, fnr. 233-1261, 271 Mosfellsbæ. Samþykktin tekur einnig til undirritunar prókúruhafa á öllum skjölum sem kaupunum tengjast.

Tillagan samþykkt samhljóða.

- Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að trúnaði á skýrslu Innri endurskoðunar og ráðgjafar varðandi úttekt á stjórnarháttum og miðlun upplýsinga og samstæðu verði tafarlaust aflétt og eigendum gert sérstaklega kunnugt um hana. Það er óverjandi gagnvart eigendum Orkuveitu Reykjavíkur að draga dul yfir mikilvægar og alvarlegar ábendingar skýrslunnar.

Afgreiðslu tillögunnar frestað. Óskað verður afstöðu stjórnar Ljósleiðarans til málsins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:36.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. febrúar 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Ársskýrsla Orkuveitunnar 2023


SF 349 | 26. febrúar 2024

Eiríkur Hjálmarsson sjálfbærnistjóri | Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisgyðja




Veigamikil breyting frá í fyrra

- Vottað loftslagsbókhald
 - Afrakstur árangursríkrar vinnu Umhverfismála með Carbon Disclosure Project, SBTi og Bureau Veritas
 - Skírteinið vonandi komið fyrir útgáfu Ársskýrslu
- Loftslagsbókhaldið gefið út sem viðauki við Ársskýrslu




Veigamikil breyting frá í fyrra

- Innleiðing flokkunarreglugerðar í fjárhagsbókhaldið
 - Samstarf Umhverfismála, Reikningshalds, Lögfræði, Fjárstýringar og greininga og Sjálfbærni
 - Þekkingin innanhúss sparað talsvert ráðgjafafé
- Umhverfisviðmiðin
 1. Mótvægi við loftslagsbreytingum
 2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
 3. Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
 4. Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
 5. Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
 6. Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa
- Vaxandi kröfur kalla á yfirgrípsmeiri keyrslur úr fjárhagsbókhaldinu
 - „Ekki flókið en ítarlegt“



Breytingar á ársreikningi framundan

- Innleiðing ESRS (CSRD)
 - European Sustainability Reporting Standards er afrakstur Corporate Sustainability Reporting Directive
- Frumvarp til innleiðingar var á þingmálaskrá í mars
 - Tekið út í áramótagrisjun ríkisstjórnarinnar
 - Höldum áætlun um að innleiða á árinu



Vinnan framundan

- Samþættist innleiðingu Heildarstefnu
 - Þróun mælikvarða
 - Búið að skilgreina 21 þýðingarmikinn sjálfbærniþátt
- Nýr vefur Orkuveitunnar verður að stofni til „lifandi Ársskýrsla“
- Punktstaða um áramót myndar „Skýrslu stjórnar“ í ESRS ársreikningi
 - Endurskoðaður af ytri endurskoðendum
 - Ein áritun stjórnar og forstjóra héðan í frá – á endurskoðaðan ársreikning






Orkuveitan

Viðbrögð Orkuveitunnar við eldsumbrotum á Reykjanesi

Almennt, og í tengslum við atburði


8.-13. febrúar 2024



Opnun

Sævar Freyr Þráinsson

Forstjóri Orkuveitunnar




Rekstraröryggi auðlinda ON og Veitna m.t.t. mögulegra eldsumbrota á Reykjannesskaga

Sigrún Tómasdóttir

Auðlindaleiðtogi vatns- og fráveitu


Rannsóknir og Nýsköpun, Orkuveitan

Eldstöðvakerfi og vinnslusvæði



Mögulegar áhættur


fyrir auðlindir og lagnainnviði Orkuveitunnar




Umbrot í töluverðri fjarlægð frá okkar kerfum. Viðbrögð og viðbúnaður í takt við ráðleggingar fyrir samfélag almennt. Eftirlit með neysluvatnsgæðum, aukin sýnataka ef loftgæði eru slæm og aðlögun á vinnslu ef þarf.




Umbrot í töluverðri fjarlægð frá okkar kerfum. Stórir jarðskjálftar gætu rofið lagnir. Hraun frá eldgosu á svæðinu gætu runnið í átt til vinnslusvæða en viðbúnaðartími væri til staðar. Viðbrögð við gasmengun í takt við ráðleggingar fyrir samfélag almennt.



Miklar jarðskorpuhreyfingar gætu teygt sig inn á okkar vinnslusvæði í Heiðmörk. Lagnarof mögulegt. Eftirlit með neysluvatnsgæðum, aukin sýnataka og aðlögun á vinnslu ef þarf. Viðbrögð við gasmengun í takt við ráðleggingar fyrir samfélag almennt.



Möguleg eldsumbrot innan vinnslusvæða í Hengli sem geta haft áhrif á afhendingu á heitu vatni og rafmagni. Mikil þörf á öryggisbúnaði varðandi gasmengun. Þörf á aðgerðum til þess að vernda vinnsluinnsviði. Aukin sýnataka úr háhitaborholum og neysluvatnsholum.



Áhættur:

Gasmengun

Aska (ef í sjó)

Áhættur:

Gasmengun

Jarðskjálftar

Jarðskorpuhreyfingar

Áhættur:

Hraunrennsli

Gasmengun

Stórir jarðskjálftar

Áhættur:

Eldsumbrot


Hraunrennsli

Gasmengun


Stórir jarðskjálftar

Jarðskorpuhreyfingar


Jarðskjálftar > M4 frá 1991



Hraunflæði síðustu >2400 ár



Vatnstökusvæði í Heiðmörk



Auðlindaáhættur tekna saman


Table 1 Possible risks associated with seismic and/or volcanic activity in the different volcanic systems on the Reykjanes Peninsula. The matrix is based on the risk matrix of Reykjavík Energy (Figure 7).

Volcanic system	Risk description	Resource/infrast ructure possibly affected by activity	Consequence	Likeli hood	Risk	Mitigation
Reykjanes, Svartsengi, Fagradalsfjall, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill	Airborne gas emissions rising above recommended values	Personnel	2	C	Moderate	Monitoring air quality measurements from Environmental agency and general guidelines for residents.
Reykjanes	Ash from marine eruptions reaches delicate infrastructure	Pump stations and other infrastructure with equipment and cooling systems sensitive to air bourne particles	2	E	Low	Contingency plan in place. Monitoring air quality measurements from Environmental agency. Putting up filters where possible.
Reykjanes, Svartsengi, Fagradalsfjall, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill	Groundwater contamination from airborne gas emissions	Heiðmörk drinking water reserves	2	E	Low	Contingency plan in place. Monitoring of water quality. Changing the production scheme, i.e. increasing production from less affected subareas.
Reykjanes, Svartsengi, Fagradalsfjall, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill	Surface water contamination from airborne gas emissions	The Berjadalsá river dam used for drinking water for the Akranes municipality	2	E	Low	Monitoring of water quality. Excluding the Berjadalsá river water supply from the distribution system and using only the two remaining water sources, requires asking recidents and companies to reduce water usage.
Krýsuvík	Groundwater contamination from gas release from intrusions below ground surface	Heiðmörk drinking water reserves	3	E	Moderate	Contingency plan in place. Monitoring of water quality. Changing the production scheme, i.e. increasing production from less affected subareas.
Krýsuvík	Magma intrusion into groundwater aquifers	Heiðmörk drinking water reserves	5	E	High	Contingency plan in place. Monitoring of water quality. If water reserves are impacted the emergency plan is to transport drinking water from Hellisheiði through the hot water pipe from the power plant.

Volcanic system	Risk description	Resource/infrast ructure possibly affected by activity	Consequence	Likeli hood	Risk	Mitigation
Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill	Large earthquake / crustal movements cause ruptures in pipes or damages to other infrastructure	Hot and cold water pipelines from Heiðmörk and Hengill or other infrastructure	3	D	Moderate	Contingency plan in place. Local network of seismometers around the two power plants of Reykjavík Energy. Pressure in distribution system monitored. Plans in place for large leakage repairs.
						Buildings designed to be earthquake resistive.
Hengill	Loss of power plant due to large crustal movements	Hellisheiði and Nesjavellir power plants.	5	E	High	Local network of seismometers around the two power plants of Reykjavík Energy.
Brennisteinsfjöll	Lava flow over production areas	Heiðmörk drinking water reserves	4	E	High	Monitoring of water quality. Changing the production scheme, i.e. increasing production from less affected subareas.
Brennisteinsfjöll	Lava flow over pipeline	Hellisheiði hot water pipeline	3	E	Moderate	Pipe is buried. Increasing production capacity from other hot water production areas
Hengill	Lava flow over pipeline	Pipelines within the production areas of Hellisheiði and Nesjavellir	3	E	Moderate	Contingency plan in place. Monitoring of seismic activity and ground deformation.
Hengill	Loss of production wells due to lava flow	Hellisheiði and Nesjavellir power plants	3	E	Moderate	Contingency plan in place. Monitoring of seismic activity and ground deformation.
Hengill	Loss of power plant due to lava flow	Hellisheiði and Nesjavellir power plants	5	E	High	Contingency plan in place. Monitoring of seismic activity and ground deformation.

Samantekt

Gossaga Reykjaneskagans síðustu 4000 árin



Samantekt

- Virknetímabil á Reykjanesskaga mun líklegast halda áfram næstu áratugi og árhundruð
- Ekki er víst að öll eldstöðvakerfi muni virkjast á þessu tímabili né að öll kerfi verði virk á sama tíma
 - Hengilskerfið var t.d. ekki virkt á seinasta tímabili
- Þrátt fyrir þetta er möguleiki á því að þær jarðhræringar sem nú eru hafnar muni hafa áhrif á auðlindasvæði og innviði OR
- Ekki er endilega talið líklegt að það gerist innan líftíma núverandi innviða en það mun líklega gerast ef horft er til jarðsögunnar
- Full ástæða er til þess að skoða gaumgæfilega allar mögulegar sviðsmyndir og kortleggja viðbragð
- Haldið verður áfram með þessa vinnu og verða skilgreind verkefni sem vinna þarf í kjölfarið
 - T.d. áætlanir um forgangsriðun heitavatnsframleiðslu frá virkjunum ef kæmi til eldvirkni í Henglinum, áætlanir um jafna dreifingu heitavatns í tilfalli skerðinga

Stóra myndin fyrir notendur

Forgangsröðun og viðbragð fyrir rof eða takmörkun á afhendingu á auðlindum inná veitukerfi

Rof eða takmörkun á afhendingu á köldu vatni

- Að tryggja neysluvatn er fyrsti forgangur Veitna
- Komi til stöðvunar á afhendingu á neysluvatni myndi heitt vatn vera notað í staðinn, í verstu aðstæðum væri hægt að flytja kalt vatn frá virkjunum í gegnum heitavatnslögn en það krefst skerðinga

Takmörkun á afhendingu á heitu vatni

- Þar sem að hitaveitan byggir á fleiri en einu vinnslusvæði væri algert heitavatnsleysi ólíkleg sviðsmynd
 - Í slíkum aðstæðum geta Veitur beitt skömmtunum og stýringum
 - Markmiðið væri að:
 - Tryggja viðkvæman rekstur ss. sjúkrahús
 - Verja dreifikerfi hitaveitunnar
 - Verðmætabjörgun
 - Stýra álagi vegna rafhitunar á þau svæði sem rafveitan ber það best, rafhitun væri þó alltaf takmörkum háð

Takmörkun á afhendingu á rafmagni

- Höfuðborgarsvæðið er vel tengt við flutningskerfi rafmagns
 - Ef háspennulínur á Hellisheiði myndu fara úr rekstri myndu Suðurnesjalína og Brennimelur fæða höfuðborgarsvæðið
 - Tryggja þarf forgang almennings til raforku í slíkum aðstæðum




Gróft mat á samtengingu veitukerfa Veitna inn á Reykjanes

Hrefna Halgrímsdóttir

Forstöðumaður hitaveitu Veitna

Framkvæmdin

- Til að tengja saman kerfi Veitna og HS Veitna þyrfti nýja flutningslögn
 - 33 km löng lögn meðfram Reykjanesbraut
 - frá stofnlögn Veitna í Hafnarfirði
 - að geymum á Fitjum Reykjanesbæ.
- Miðað við grófar greiningar þarf pípan að vera að lágmarki DN500 og breyta þyrfti búnaði á báðum stöðum til að gera tengingu að þessu tagi mögulega.
- Það þyrfti að taka afstöðu til þess hvernig lögninni væri best fyrir komið þ.e. niðurgrafinni, í garði eða á yfirborði



Tillaga að lagnaleið frá Hafnarfirði til Reykjanesbæjar.

Stærð lagnar [DN]	Verð á 33 km lögn [m.kr]	Dælustöð [m.kr]
500	7.500	3.000*
600	8.500	2.000*
700	9.700	1.000*
800	11.100	0**
900	12.700	0**

Gróf kostnaðaráætlun (*hár rekstrarkostnaður ** ekki talin þörf á dælingu)





Aflþörf og notkunarmynstur

- Álag á hitaveitu er almennt háð veðurfari þ.e. samspili úthitastigs, vinds og lengd kuldakafla
- Samkvæmt minnisblaði frá Verkís er vetrarálag frá Fitjum í Reykjanesbæ um 100 MW en hönnunarálag um 125 MW
 - Þessi greining miðar við að HS Veitur þurfi **500 l/s** af heitu vatni við 80°C
- Núverandi aflgeta forða Veitna á Höfuðborgarsvæðinu er um **5300 l/s** (miðað við framrásarhitastig 80°C).
 - 1% af árinu er notkun yfir 5000 l/s
 - 90% af árinu er notkunin er undir 4500 l/s
 - Því er er rýmd og fræðilega hægt að afhenda vatn til Suðurnesja meirihluta af árinu
- Á þessum tímapunkti er **ekki** aflgeta til að afhenda full afköst til Suðurnesja í kuldaköstum með núverandi forða og án skerðinga

Aflþörf og notkunarmynstur

- Veitur gera eftirspurnaráætlun til næstu áratuga byggt á áætlunum sveitafélaga
- Forðaaukandi aðgerðir næstu 5 ára eru
 - Átta verkefni til að auka nýting á núverandi lághitasvæða - áætluð aflaukning um 800 l/s
 - Þrjú verkefni í virkjunum ON – áætluð aflaukning 1000 l/s
 - Rannsóknir á nýjum lághitasvæðum
- Ef reka ætti bæði svæðin án skerðinga þyrfti að flýta áætlun Veitna sem nemur eftirspurn á veitusvæði HS Veitna





Bjargir og aðgerðir Orkuveitunnar vegna eldsumbrota á Reykjaneskaga

Reynir Guðjónsson

Öryggisstjóri Orkuveitunnar



Fimmtudagur 8. febrúar

Eldgos hófst þann 8. febrúar kl. 06:06. norðaustan við Sýlingarfell á Reykjanesskaga,

Veitur hófu fljótlega undirbúning og buðu HS Veitum aðstoð

Neyðastjórn Orkuveitunnar fundaði á hádegi

Farið yfir sviðsmyndir m.a. möguleg áhrif á rekstur Orkuveitunnar, áhrif á Suðurnes og viðbrögð við óskum um aðstoð.

Hraun rann yfir Njarðvíkuræð kl. 12:15

Ákveðið að samskipti þurfi að fara í gegn um samhæfingarstöð Almannavarna (SST)

Um kvöldið voru tvær varaafstöðvar sendar og mannskapur til að tengja þær við Hrafnistu, auk fjölda hitablásara

Eftirfarandi bjargir

- Færanlegt varaafstöðvar (staðsetning)
- Heitt vatn með margir fleiri vall á töppunartími
- Iðnaðarfolk, sarsenska, pólska, ú
- 37 kVA varaafstöðvar fjarskiptasamb



Föstudagur og laugardagur 8. - 9. febrúar



Að morgni 8. febrúar voru tvær varaafstöðvar til viðbótar senda til að efla dreifikerfið í Reykjanesbæ ásamt mannskap


Hjúveitulögn rofnar að kvöldi 9. febrúar og hóf HS Orka þegar undirbúning að lagningu nýrrar hjúveitulagnar yfir nýrunnið hraunið

Óskir um útvegum lagnaefnis tóku að berast Orkuveitunni aðfarnótt 10 febrúar. Efnislistar sendir um morguninn, ekki kom til þess að senda þyrfti efni


Hugmynd um að flytja heitt vatn með tankbílum til að viðhalda yl á kerfinu og draga úr skemmdum, sett fram á ný við SST á hádegis og „Trukkaveitan“ sett á fót hjá Veitum/Orkuveitunni

Neyðastjórn fundaði kl. 15 og tók stöðuna, áréttað að samskipti um bjargir fari um SST. Samskipti alltaf upplýst um spjallþráð Fyrsti trukkur lagði af stað frá Hafnarfirði með heitt vatn frá Veitum um kl. 6 síðdegis

Tengibúnaður í gámum sendur, fyrsta tæming um kl. 7 þ. 9. febrúar



Sunnudagur 11. febrúar




Eftir stranga nótt voru sólhringsvaktir skipulagðar að morgni sunnudagsins 11. febrúar

Framar vonum gekk að flytja heitt vatn til Reykjanesbæjar og viðhald yl á kerfum í tilteknum hverfum þar sem rafkerfið var viðkvæmast og óhægast um rafhitun

Öryggisstjóri Orkuveitunnar tók að sitja reglubundna stöðufundi SST, gott til að skiptast á upplýsingum og hafa yfirlit f.h. Neyðarstjórnar Orkuveitunnar

Veitur með vinnuflokka í rafveitu til aðstoðar á Suðurnesjum





Mánudagur 12. febrúar

HS Orka lauk við að tengja hjáveituna um kl. 3 aðfarnótt 12. febrúar. Uppkeyrsla í varmastöð hófst strax og áhleypling á tanka hófst seinna um morguninn

Aðstoð send í stjórnstöð HS Veitna til að skipuleggja áhleyplingu á dreifiveitu, vinnuflokkar Veitna til að aðstoðar vegna bilanna sem óhjákvæmilega koma upp

Neyðarskipulagi hætt, Trukkaveita leyst upp um hádegi

Heitt vatn var farið að renna í alla byggðarkjarnana á Suðurnesjum um kl. 22. Á flestum stöðum var kominn stöðugur og góður þrýstingur. Fimm lekar í kerfinu sem er vel sloppið í jafn viðamiklu og langvinnu vatnsleysi.




Samantekt



- Öll viðbrögð og bjargir voru unninn í nánú samstarfi við Almannavarnir (SST) og HS Veitur
- Frá 10.-12. febrúar flutti Trukkaveitan um 2000 tonn af heitu vatni á tíu tankbílum frá Hafnarfirði til Reykjanesbæjar og Voga. Alls voru farnar 130 ferðir. Vatnið var sett inn á dreifikerfið á þeim stöðum sem rafdreifikerfið stóð tæpast
- Hugmyndin byggðist á því að Veitur höfðu áður gert þetta í mun smærri mynd árið 2020 í Austurveitu, þegar vatn var sótt í Öndverðarnes og flutt með trukkum
- Veitur afhentu 25-30 l á sekúndu á sunnudagskvöldið 11. feb sem er á pari við það sem sveitarfélagið Hvolsvöllur notar. Vatnið var um 70 gráður en það var um 80 gráður í Hafnarfirði sem sýnir að Trukkaveitan virkaði
- Veitur komu upp varaafsvélum á viðkvæmum stöðum í samráði við Almannavarnir og HS Veitur og í samvinnu við rafverktataka í Reykjanesbæ
- Vélum var komið fyrir við bæði hjúkrunarheimili Hrafnistu á svæðinu ef þörf skapaðist vegna bilunar eða þörf á auknu afli í húsin
- Vélum var einnig komið fyrir í hverfum þar sem margir notendur eru (götuskápum/dreifistöðvum) í Reykjanesbæ og Vogum. Þær vélar voru notaðar til að létta á dreifikerfinu þegar notkun var mikil
- Alls komu á fjórir til fimm tugir starfsfólks Orkuveitunnar og Veitna að verkefninu með einum eða öðrum hætti, mannaðar voru vaktir dag sem nótt, starfsfólk á höfðborgarsvæðinu, suðurlandi og vesturlandi tók þátt
- Ljósleiðarinn tók auk þess þátt í að halda uppi netsambandi á svæði í samstarfi við Neyðarsamstarf fjarskiptageirans
- Sérstakur kostnaðarstaður var útbúinn til að hald sem best um kostnað

Lærdómur

- Frumkvæði og vilji til að aðstoða áberandi
- Mikilvægt að ákvarðanir um Bjargir fari um einn farveg
- Mikilvægt að halda um kostnað
- Trukkaveitan er dæmi um nýsköpun og frumkvæði sem við í Orkuveitunni viljum tileinka okkur þegar við stöndum frammi fyrir áskorunum
- „Retró“ fundir eru bókaðir til að fara yfir það sem gekk vel, það sem ekki gekk vel, hugmyndir að umbótum og aðgerðir sem við munum grípa til





Orkuveitan

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar - SF 349
Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgýðja og Snorri J. Egilsson, sérfræðingur í loftslags- og umhverfismálum
Dagsetning: 22. febrúar 2024
Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR 26. febrúar 2024. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvögina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2021				2022				2023				2024			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt													*			
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða													Mat í vinnslu**			

*1.ÁF: Bilun eða stöðvun í lofthreinsistöð

**Loftslagsmælikvarði mun liggja fyrir í kjölfar vottunar á loftslagsbókhalda.

Athugið: Minnisblaðið mun taka breytingum í kjölfar heildarstefnumótunar Orkuveitunnar.

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

Elliðaár: Orkuveitan hefur afhent gömlu seiðagildrunnar úr Elliðaánum ásamt gamla laxateljara til rannsóknarstarfsemi.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakílsárvirkjun og Skorradalsvatn: Ekkert nýtt.

Jarðvarmavirkjanir: Vegna viðgerða var lofthreinsistöð á Hellisheiði stöðvuð 20.-22. febrúar. Tilkynnt.

Samskipti við hagsmunaaðila: Ekkert nýtt.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

VEITUR:

Vatnsveita: Ekkert nýtt.

Hitaveita: Borhola gufuveitu í Hveragerði (HS-09) hefur blásið gufu vegna álags á veituna. Íbúar eru sagðir langþreyttir á hávaða og gufu sem leggur yfir hverfið. Búið er að færa útblástur í aðra holu fjær byggð.

Rafveita: Ekkert nýtt.

Fráveita:

- Vegna hreinsunar á skólþælustöðinni Vesturhöfn var óhreinsað skólþælustöð í sjó um yfirfall (9 klst.). Tilkynnt.
- Losun var um neyðarlúgu skólþælustöðvar í Skeljanesi vegna úrkomu og truflana (6 klst.). Tilkynnt.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

CARBFIX: Ekkert nýtt.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Það sem af er 2024 hefur styrkur brennisteinsvetnis verið undir mörkum..

Loftslagsmál

Úttekt á loftslagsbókhalda Orkuveitunnar var dagana 21.-22. febrúar. Danska skrifstofa alþjóðlegu endurskoðunarskrifstofunnar Bureau Veritas annaðist úttektina. Úttektaraðilarnir hrósuðu Orkuveitunni fyrir vel unnið og ítarlegt loftslagsbókhalda. Þá minntust úttektaraðilar sérstaklega á starfsfólk fráveitu í hreinsistöðinni við Klettagarða eftir vel heppnaða heimsókn þangað þar sem faglegt starf og snyrtimennska væru í fyrirrúmi í krefjandi umhverfi. Einnig var nefnt hve vel væri staðið að þeim náttúrumiðuðu lausnum sem unnið væri að á vegum ON og Orkuveitunnar og efldu líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi á starfssvæði Orkuveitunnar. Bureau Veritas óskuðu eftir smávægilegum breytingum sem Umhverfismál Orkuveitunnar vinna nú í að klára og eru allar líkur á því að vottun á loftslagsbókhalda Orkuveitunnar 2023 verði í höfn um leið og ársskýrsla fyrirtækisins verður birt í mars.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl: Umsögn Orkuveitunnar um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu var fagnað enda styðja tillögur í reglugerðinni við þær áherslur sem settar hafa verið í þessum málaflökku undanfarnin áratum.

Mat á umhverfisáhrifum ofl: Unnið er að matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar um vinnslu- og niðurdælingarholur við Nesjavallavirkjun í Grímnes- og Grafningshreppi.

Þekkingarmiðlun: Þann 15. febrúar sl. var haldin ráðstefnan „Áratugur af ON – Horft um öxl og áfram veginn á Hilton. Ráðstefnan var sú fyrsta í ráðstefnuröð ON í tilefni af 10 ára afmæli fyrirtækisins. Starfsfólk ON flutti fróðleg erindi; "Gróður er gull" þar sem endurheimt staðargróðurs við virkjanir ON, mosi og bakkavarnir Andakílsár voru í aðalhlutverki, farið

var yfir vetnisframleiðslu félagsins í erindinu "Íslands eina VON", en VON er eini vetnisframleiðandinn á Íslandi. Ennfremur var farið yfir vegferð ON í uppbyggingu hleðsluinnviða allt frá því að fyrsta hraðhleðslustöðin var sett upp á Bæjarhálsi árið 2014 en þá voru um 300 rafbílar á landinu.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sævar Freyr Þránínsson, forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir

Dagsetning: 23.2. 2024

Efni: Minnisblað auðlindir og nýsköpun


Niðurdæling jarðhitagass á Hellisheiði og Nesjavöllum

Niðurdæling jarðhitagass á Hellisheiði 2023 var 10.962 og 5.262 tonn fyrir CO₂ og H₂S. Niðurdæling minnkaði á milli ára og skýrist það af vandræðum í rekstri lofthreinsistöðvar og á niðurdælingarholum. Hlutfall niðurdælingar jarðhitagass er 25% fyrir CO₂ og 63% fyrir H₂S.

Fyrsta skrefið í átt að kolefnishlutleysi Nesjavallavirkjunnar var tekið með gangsetningu tilrauna lofthreinsistöðvar í byrjun árs 2023. Niðurdæling jarðhitagass á Nesjavöllum 2023 var 1.298 tonn fyrir CO₂ og 477 tonn fyrir H₂S og er það rúm 9% og tæp 8% af jarðhitagasi frá virkjuninni.



Mynd 1. Upptekt og niðurdæling CO₂ og H₂S við Hellisheiðarvirkjun 2003 - 2023



Mynd 2. Upptekt og niðurdæling CO₂ og H₂S við Nesjavalla 2014 - 2023

Ný lághitasvæði - jarðhitaleit


Nýlokið er við borun á 9 hitastigulsholum við Borg á Mýrum. Borunin er liður í rannsóknum vegna fyrirhugaðrar forðaöflunar fyrir hitaveitu Akraness og Borgarness. Verið er að gera mælingar á holunum en niðurstöður liggja ekki enn fyrir.

Síðastliðið haust lauk borunum á 7 hitastigulsholum á Laugalandi í Holtum fyrir hitaveitu Rangæinga. Stefnit er að frekari rannsóknarborunum í sveitarfélaginu og eru viðræður við landeigendur í gangi.

Í næstu viku munu sambærilegar boranir hefjast á tveimur stöðum en þær tengjast rannsóknum fyrir forðaöflun fyrir hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Í fyrsta lagi verða boraðar 10-12 holur við mynni Hvalfjarðarganga á Kjalarnesi nálægt Dalsmynni en þar stendur til að kortleggja nánar hitafrávik sem vitað er um á svæðinu.

Í öðru lagi verða boraðar 9 hitastigulsholur á Álftanesi (sjá staðsetningu á mynd 1). Markmiðið með borunum er að kortleggja hitastigul á svæðinu en vísbendingar eru um að þar gæti verið að finna jarðhita nýtanlegan til húshitunar.

Næsta skref í jarðhitaleit á þessum svæðum verður síðan borun á 4 dýpri rannsóknarholum (allt að 800 m djúpum) sem boraðar verða á þessu ári í tengslum við þetta jarðhitaleitaráttak. Staðsetning þeirra hefur ekki endanlega verið ákveðin enda fer hún eftir niðurstöðum þeirra rannsóknaborana sem sagt hefur verið frá hér.



Mynd 3. Staðsetning fyrirhugaðra rannsóknarholna á Álfanesi.

Umsókn um rannsóknarleyfi í Ölfusdal

Umsókn um rannsóknarleyfi í Ölfusdal hefur ekki verið sent inn til Orkustofnunar þar sem samtali við Hveragerðisbæ er ólokið. Tilgangur fyrirhugaðrar rannsóknar er að meta fýsileika á 10 MWe virkjun í Ölfusdal. Meginþættir rannsóknarinnar eru: afkastaprófanir á holum (HV-03/06/07/08), líkanreikningar til að meta áhrif vinnslu úr jarðhitageyminum, arðsemismat og mat á umhverfisáhrifum s.s. losun skiljuvatns. Mikilvægt er að tryggja rannsóknarleyfi með forgangi að nýtingu áður en haldið er áfram með verkefnið og að það sé gert í sátt við Hveragerðisbæ. Stefnt er að því að funda aftur með bæjarstjórn Hveragerðis í febrúar þar sem markmið Orkuveitunnar varðandi rannsóknarleyfi í Ölfusdal verða kynnt með skýrari hætt.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar
Sendandi: Guðrún Erla Jónsdóttir
Dagsetning: 21. febrúar 2024
Efni: **Sameining stuðningsstefna**

Í 6. kafla eigendastefnu Orkuveitunnar segir að stjórn skuli móta stefnu í nokkrum tilteknum málaflokkum. Til aðgreiningar heildarstefnu (strategy) eru þær kallaðar stuðningsstefnur (policies) og eru eftirtaldar: :

- Arðgreiðslustefna
- Áhættustefna
- Gæðastefna
- Innkaupastefna
- Jafnréttisstefna
- Siðareglur
- Starfskjarastefna
- Mannauðsstefna
- Stefna varðandi öryggis-, heilsu og vinnuvernd (ÖH)
- Umhverfis- og auðlindastefna
- Upplýsingatæknistefna
- Upplýsingaöryggisstefna

Um langt skeið hefur verið rætt að svo margar stuðningsstefnur skapi ákveðið flækjustig sem geri starfsfólki erfiðara að vinna með þær. Einföldun myndi skapa skýrleika fyrir starfsfólk og auðvelda því að setja störf sín í samhengi og setja markmið sem miða að árangri. Hingað til hefur verið litið svo á að móta skuli aðgreindar stefnur í þeim málaflokkum sem eigendastefnan tilgreinir, þó þær skarist að einhverju leyti.

Í ljósi þess að ný heildarstefna Orkuveitunnar hefur litið dagsins ljós þarf að rýna sérhverja stuðningsstefnu með það að markmiði að hún styðji sem best við það að heildarstefnan og framtíðarsýnin nái fram að ganga. Á meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um að rýna eigendastefnuna og spyrja spurninga á borð við það hvort þetta séu réttar eða viðeigandi stefnur, þá er lagt til að stuðningsstefnur verði að einhverju leyti sameinaðar og lögð verði áhersla á útfærð stefnumarkmið í hverjum málaflokki sem eigendastefnan tilgreinir. Tillaga að sameinuðum stefnum og markmiðum koma inn á stjórnarfundum til samþykktar eins og stjórnarhættir samstæðunnar gera ráð fyrir. Þar yrði gerð grein fyrir undangenginni stefnumótun og rökstuðningi með tillögunni. Þetta þýðir að rýni stefnu samkvæmt starfsáætlun stjórnar yrði ekki í þeirri röð sem hún gerir núna ráð fyrir.